

Rafrænn skólaráðsfundur í Ölduselsskóla

16. desember 2020

Mættir: Elínros Benediksdóttir, Erla Erlendsdóttir, Guðmundur Magnús Daðason, Ágústa Þorbergsdóttir, Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir og Rut Indriðadóttir, Sigurlaug Einarsdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson

Fundur hófst kl. 08:30

Efni:

1) Framkvæmdir í skólanum:

Framkvæmdir í hátíðarsal skólans verða í jólafríinu. Laga á plötuna í salnum en áætluð verklok verða 4. janúar. Salurinn verður síðan dúkagödur. Vonir standa til að þakkantur skólans verði lagaður í sumar og veggur við aðalinngang einnig lagfærður. Rafvirkjar verða að störfum í jólafríinu við lagfæringar á lyftu, nettengingu á svæði unglíngadeildar og fleira. Vinaheimar færa starfsemi sína í Hólmasel í jólafríinu nema þann 18. desember en þann dag verða nemendur í húsnæði skólans.

2) Covid fréttir:

Skólinn er í hólfum bæði starfsmenn og nemendur, 50 nemendur mega koma saman á yngsta stigi, 25 nemendur á mið- og unglíngastigi. Skólastarfið hefur gengið vel í heildina þrátt fyrir takmarkanir. Nemendur í unglíngadeild eru í einhverju fjarnámi samhliða mætingu í skólann. Nemendur sýna metnað og leggja sig fram um að láta ganga vel í skólanum. Nýtt skipulag verður síðan skoðað eftir áramót þegar ný reglugerð verður gefin út af stjórnvöldum en að öllum líkindum þá mun skólastarf vera með svipuðu fyrstu vikuna á nýju ári. Meðan matsalurinn hefur verið lokaður vegna takmarkana þá hefur verið reynt að hafa matinn sem fjölbreyttastan. Mikilvægt er að allir nemendur fá alltaf mat í skólanum þrátt fyrir að unglíngarnir hafi tekið matinn með sér heima. Starfsmenn og nemendur eru þó mjög spenntir fyrir því að starfsemi mótuneytis verði með eðlilegum hætti.

3) Kynning – Ungt fólk:

Rannsóknir og greining mun verða með rafræna kynningu fyrir foreldra nemenda í 7.- 10. bekk þann 12. janúar. Nýtt verkalag í skólanum er að kynna niðurstöður fyrir foreldrum. Mikilvægt forvörn að starfsmenn og foreldrar fái kynningu á niðurstöðum og vinni eins og ávallt að velferð unga fólksins.

4) Jólaverkefni, jólagluggar og englaverkefni:

Englaverkefni í tengslum við Uppbyggingabyggingastefnuna. Hugsun er sú að nemendur sendi út í nærumhverfið hlýju og gleði með því að hengja litla engla á hurðahúna í hverfinu. Markmið þessa verkefnis er að nemendur finni til samkenndar og gefi af sér til annara. Allir nemendur skólans taka þátt í þessu verkefni á ýmsan máta. Jólagluggar eru verkefni sem varð til vegna breyttra aðstæðna vegna Covid 19 en ekki var hægt að vera með jólaþorp Ölduselsskóla líkt og síðustu jól. Allir nemendur hafa undirbúið fjölbreytt verkefni sem hengd eru upp í gluggum skólans sem eru á jarðhæð.

Verkefni eru ýmist unnin á blöð, söngur, leikrit, upplestur, myndir eða annað sem sett er á QR kóða. Foreldrar og nemendur eru síðan hvattir til að koma í göngutúr í kringum skólann og skoða verk nemenda. 17. desember er síðasti skóladagurinn fyrir jólafrí. Ýmis skemmtileg verkefni hafa verið í desember með nemendum:

jólahurðar
jólatri í garðinum
heitt súkkulaði og piparkökur
jólapeima

5) Aðkoma að skólanum:

Búið læsa hliði að norðanverðu fyrir bílaumferð. Rætt við þá aðila sem koma með vörur á skólatíma um afhendingu og tímasetningar. Mikilvægt að vöruafhending fari ekki fram í frímínútum eða þegar nemendur koma í skólann að morgni. Foreldrar eru einnig beðnir að koma með nemendur í 1. og 2. bekk hjá aðalingangi og fara síðan niður stigann. Formaður foreldrafélags hefur einnig komið þessum upplýsingum áfram til foreldra.

6) Starfsáætlun Ölduselsskóla:

Nú hefur starfsáætlun Ölduselsskóla verið send á Skóla- og frístundasvið. Nefndarmenn mega gjarnan kynna sér starfsáætlunina og koma með athugasemdir í janúar. Fastir fundartímar skólaráðs vorönnina 2021 verða sendir til nefndarmanna.

7) Gjöf

Slysavarnarfélagið gaf öllum nemendum skólans endurskinsmerki.

8) Önnur mál:

Fjáröflun í 7. bekk hefur gengið framur öllum vonum en foreldra undirbjuggu happadrætti. Allar líkur eru á að nemendur í 7. bekk komist á Úlfljótsvatn án þess að foreldrar þurfi að leggja út fyrir því. Skoða þarf einnig fjáröflun til að fjármagna útskriftarferð fyrir nemendur í 10. bekkjar. Netfjáröflun hjá 9. bekk hefur einnig gefið góða raun.

Innan skólans er vilji að kynna skólaráðið betur fyrir nemendum í unglingsdeild í samvinnu við nemendaráðið. Nemendur í skólaráði eru rödd nemenda. Næsti skólaráðsfundur verður með nemendaráðinu.

Ósk foreldra ítrekuð um aukið upplýsingaflæði til foreldra frá kennurum og það sem nemendur taka sér fyrir hendur. Það er einlæg ósk stjórnenda að svo sé.

Þorgrímur Þráinsson var með fyrirlestur fyrir nemendur í 10. bekk. Hann kemur síðan aftur í 6. og 7. bekk í febrúar og verður með kynningu fyrir nemendur.

Fundi slitið 09:30.

Fundarritari: Erla Erlendsdóttir